

## FUNDARGERÐ

Ár 2023, laugardaginn 18. mars var haldinn aðalfundur veiðifélags Laxár í Hvammssveit og hófst hann kl. 14.00 að Leysingjastöðum í Dalabyggð.

Fundinn sátu: Helga Jóna Benediktsdóttir, Eyjólfur Ingvi Bjarnason, Jón Egill Jóhannsson, Bergljót Kristjánsdóttir, Garðar Freyr Vilhjálmsson, Erla Bergmann og Einar Bergmann.

Fundarstjóri var Helga Jóna Benediktsdóttir, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Lagt var fram eftirfarandi umboð :

Umboð frá sveitarstjóra Dalabyggðar til Garðars Freys Vilhjálmssonar,

### Þetta gerðist:

1. Lagður fram ársreikningur félagsins fyrir árið 2021. Samþykktur samhljóða.
2. Formaður gerði grein fyrir beiðni fjölmiðilsins Bæjarins besta um aðgang að gögnum veiðifélagsins, þ.e. arðskrá félagsins og síðasta ársreikningi þess. Áður hefur Fiskistofa hafnað beiðni fjölmiðilsins um aðgang að framangreindum gögnum með vísan til 9. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012. Samþykkt samhljóða að synja um aðgang að framangreindum gögnum, þ.e. arðskrá félagsins og síðasta ársreikningi þess.
3. Farið var yfir skiptingu bændadaga til veiði í ánni, sbr. 1. gr. samnings við veiðiréttarhafa. Fundarmenn undirrituðu yfirlýsingu um skiptingu daganna.
4. Formaður gerði grein fyrir beiðni Vegagerðarinnar um umsögn veiðifélagsins um fyrirhugaðar vegaframkvæmdir við Klofningsveg og hugsanlega efnistöku í nágrenni árinna. Samþykkt var að veita jákvæða umsögn vegna framkvæmdanna að því skilyrtu að vinna við efnistöku fari ekki fram á veiðitímabilinu og að vinnan fari fram í samráði við veiðiréttarhafa. Forsenda samþykkis veiðifélagsins er að Vegagerðin leiti álits Hafrannsóknastofnunar og Fiskistofu varðandi framkvæmdirnar í samræmi við lög og reglugerðir þar að lútandi.
5. Gengið var til kosninga í stjórn veiðifélagsins. Atkvæðisréttur vegna Lauga er nú í höndum Dalabyggðar. Atkvæði féllu á eftirfarandi hátt:

Eyjólfur Ingvi Bjarnason	5 atkvæði
Helga Jóna Benediktsdóttir	5 atkvæði
Jón Egill Jóhannsson	5 atkvæði

Rétt kjörin í stjórn eru því Eyjólfur, Helga og Jón Egill.

6. Gengið var til kosningar tveggja varamanna í stjórn veiðifélagsins.  
Atkvæði féllu á eftirfarandi hátt:

Fulltrúi Dalabyggðar	5 atkvæði
Bergljót Kristjánsdóttir	5 atkvæði

Rétt kjörnir varamenn í stjórn eru því fulltrúi Dalabyggðar og Bergljót S. Kristjánsdóttir.

7. Skoðunarmenn reikninga voru samhljóða samþykktir að viðhafðri handauppréttingu; fulltrúi Dalabyggðar og Bergljót Kristjánsdóttir til vara.

Fleira ekki gert.  
Upplesið, staðfest.  
Fundi slitið kl. 14.50

Helga Jóna Benediktsdóttir (sign.)  
Garðar Freyr Vilhjálmsson (sign.)  
Eyjólfur Ingvi Bjarnason (sign.)  
Jón Egill Jóhannsson (sign.)  
Erla Kr. Bergmann (sign.)  
Bergljót Soffía Kristjánsdóttir (sign.)  
Einar Bergmann (sign.)